



Mannvirkja
stofnun

Skoðunarhandbók 6.008
Þjónustuaðilar
brunaviðvörðunarkerfa



Efnisyfirlit

Almennt	2
Ábyrgð	2
Mat	2
Forsendur og meginaðferðir við skoðun	2
Upphafsfundur	3
Skoðun	3
Lokafundur	3
Kröfur til þjónustuaðila brunaviðvörðunarkerfa	4
Innra eftirlit.....	4
Verklagsregla fyrir skoðunaraðila	4
Viðmiðunarmörk	4
Mat	4
Varðveisla skráninga.....	5
Túlkun	5
Aðferð við skoðun	5
Viðmiðunarmörk	5
Mat	5
Þjálfun og hæfni starfsfólks	6
Túlkun	6
Aðferð við skoðun	6
Verklagsregla	6
Viðmiðunarmörk	6
Mat	6



Almennt

Mannvirkjastofnun hefur sett saman skoðunarhandbækur sem nota skal til að staðfesta samræmi við íslenska löggjöf um brunavarnir.

Handbækurnar eru til leiðbeiningar fyrir þá sem framkvæma eftirlit með þjónustuaðilum brunavarna í umboði Mannvirkjastofnunar.

Aðalmarkmiðið með skoðunarhandbókunum er að tryggja einsleitni og samræmi í starfi einstakra skoðunarmanna/eftirlitsmanna.

Helstu markmið við gerð handbókanna voru:

- Að uppfylla kröfur íslenskrar löggjafar um brunavarnir.
- Að uppfylla kröfur um eftirlit Mannvirkjastofnunar í löggjöfinni.
- Að tryggja samræmi í niðurstöðum skoðana vegna löggjafar sem framfylgt er hverju sinni.
- Að bæta samræmi í skoðunum hjá Mannvirkjastofnun.
- Að ákveða nauðsynlegar forsendur sem geta gert Mannvirkjastofnun kleift að nýta sér þjónustu faggiltra skoðunarstofa til að framkvæma skoðanir fyrir Mannvirkjastofnun.
- Að taka þátt í hagræðingu í skoðunum sem sannreyna almennt samræmi við löggjöf.¹

Ábyrgð

Ábyrgðarmaður starfsleyfishafa ber ábyrgð á allri framkvæmd við innleiðingu og rekstur gæðastjórnunarkerfis og að það sé samkvæmt settum reglum.

Gæðastjórnunarkerfi

Þjónustuaðila brunaviðvörunarkerfa ber að koma sér upp skilgreindu gæðastjórnunarkerfi þannig að tryggt sé að öll starfsemi hans sé samkvæmt reglum sem við eiga hverju sinni. Þjónustuaðili skal fylgja byggingareglugerð, leiðbeiningum og fyrirmælum Mannvirkjastofnunar og öðrum gildandi lögum og reglum, eftir því sem við á, í störfum sínum.

Skoðun á gæðastjórnunarkerfum þjónustuaðila brunaviðvörunarkerfa er fólgin í skoðun á verklagsreglum, verkskráningu, skjalavistun og úttektum á eigin verkum. Athugasemdir sem fram koma í skoðunarskýrslum við úttektir á verkum þessara aðila geta leitt til frekari skoðunar á gæðastjórnunarkerfum þeirra.

Mat skoðunar á þjónustuaðila getur orðið skv. eftirfarandi upptalningu:

Mat

1. í lagi
2. þarfnast úrbóta
3. vantar
4. á ekki við

Ásættanlegt mat kemur fram á gátlista. Ekki er gefin út viðurkenning ef frávik eru frá ásættanlegu mati.

Í gátlista 6.004 koma fram athugasemdir og flokkun þeirra.

Forsendur og megináðferðir við skoðun

Aðeins atriði sem koma fyrir í skoðunarhandbók skulu skoðuð. Atriðin sem á að skoða varða þjálfun og hæfni starfsfólks, búnað, öryggi, vinnuaðferðir og innra eftirlit þjónustuaðilans.

¹ Vinnueftirlit, Siglingastofnun



Starfsleyfið gefur til kynna þjónustuna sem stöðin veitir og ábyrgðarmann.

Upphafsfundur

Skoðunarmaðurinn lýsir tilgangi og fyrirkomulagi heimsóknar/skoðunar og fær upplýsingar um þjónustuaðilann sem geta auðveldað skoðun.

Skoðun

Skoðunarmaður fer yfir gæðahandbók þjónustuaðila og verklagsreglur með ábyrgðarmanni.

Ábyrgðarmaður skal þá leggja fram þau skjöl sem skoðunarmaður biður um.

Skoða skal gögn varðandi innra eftirlit.

Skoða skal gögn varðandi varðveislu skráninga

Skoða skal gögn varðandi þjálfun og hæfni starfsfólks

Skoða skal búnað, vinnuferli og venjur.

Kanna skal hvort bréf, fyrirmæli og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar séu varðveitt.

Meðan á skoðun stendur skráir skoðunarmaðurinn öll atriði sem gætu verið frávik.

Skoðunarmaðurinn þarf að skrá athuganir sínar beint á gátlista.

Síðasti hluti skoðunarinnar er að ljúka við gátlistann í gagnagrunni Mannvirkjastofnunar sem jafnframt er innsláttarform fyrir skoðunarvottorðið. Fyrir hvert frávik sem finnst og merkt er á gátlistann skal skoðunarmaðurinn skrifa athugasemd í viðeigandi reit á gátlistanum.

Lokafundur

Frávikin skal kynna fyrir ábyrgðarmanni.

Að lokinni kynningu á frávikum samþykkja skoðunarmaður og ábyrgðarmaður gátlistann með undirskrift sinni.



Kröfur til þjónustuaðila brunaviðvörðunarkerfa

Innra eftirlit

Ábyrgðarmaður þjónustuaðila brunaviðvörðunarkerfa ber að hafa eftirlit með allri vinnu sem unnin er í hans nafni, enda ber hann ábyrgð á framkvæmd hennar. Hann skal gera áætlun um innra eftirlit með einstaka verkþáttum og lýsingu á því hvernig eftirlitinu er sinnt. Halda skal skrá yfir niðurstöður innra eftirlits ásamt þeim úrbótum sem ráðist var í vegna athugasemda og frábrigða í úttekt.

Við framkvæmd eigin eftirlits með gæðastjórnunarkerfinu skal nota gátlista sem Mannvirkjastofnun notar við skoðun á gæðastjórnunarkerfinu, lög um mannvirki, byggingarreglugerð, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og viðeigandi staðla.

Verklagsregla fyrir skoðunaraðila

Fáið afrit af lista yfir þau brunaviðvörðunarkerfi sem þjónustuaðilinn sinnir viðhaldi á.

Kannið að til séu leiðbeiningar um viðhald og þjónustu tækjanna.

Kannið hvort að listinn yfir kerfi passi við starfsleyfi þjónstuaðila.

Kannið að til séu leiðbeiningar um notkun tækjanna.

Skoðið gæðahandbók vegna þjónustunnar.

Kannið hvort að upplýsingar um allar prófanir og eftirlit komi fram á prófunar skýrslu (ásamt skýringum)

Skoðunarmiði fyrir brunaviðvörðunarkerfi skal innihalda:

Dagsetningu.

Skráð hvað var prófað.

Skráð hvaða lagfæringar/viðhald var unnið.

Skráð endurtekning prófunar.

Viðmiðunarmörk

Öll atriði skulu uppfyllt. Ásættanlegt mat kemur fram á gátlista. Ekki er gefin út viðurkenning ef frávik eru frá ásættanlegu mati.

Mat

1. í lagi
2. þarfnast úrbóta
3. vantar
4. á ekki við



Varðveisla skráninga

Túlkun

Niðurstöður eftirlits og prófana skal varðveita varanlega. Halda skal óafmáanlegar, ritaðar skrár um eftirlit og prófanir.

Mannvirkjastofnun skal hafa aðgang að skráum um eftirlit og prófanir.

Aðferð við skoðun

Skjalaskoðun (sjónskoðun)

Verklagsregla fyrir skoðunaraðila

Skoðið hvernig haldið er utan um skráningarnúmer og spjaldskrá kerfa sem fyrirtækið þjónustar.

Kannið hvort ritaðar skrár eru til staðar fyrir athuganir sem gerðar eru vegna eftirlits og prófana og að þær nái a. m. k. tvö ár aftur í tímann. Gott er að taka stikkprufur af eldri skráningum á notkunartíma kerfisins.

Viðmiðunarmörk

Óafmáanlegar, ritaðar skrár um viðeigandi prófanir og eftirlit fyrir a.m.k. tvö ár. Ásættanlegt mat kemur fram á gátlista.

Mat

1. í lagi
2. þarfnast úrbóta
3. vantar
4. á ekki við

Atriði sem kanna skal hvort séu skráð:

Þjónstuaðila brunaviðvörðunarkerfa ber að koma sér upp verkskráningu og vistun gagna sem uppfyllir þau skilyrði að hægt sé að rekja öll hans verk. Ef þess er óskað af Mannvirkjastofnun, skal þjónstuaðili geta sýnt yfirlit yfir verk sín og rakið hvert verkefni og hvern verkþátt.

Helstu gögn sem þjónstuaðila ber að vista eru:

Þjónustusamningar um viðhald á brunaviðvörðunarkerfum

Í þjónstusamningi skulu koma fram staðsetning og tegund kerfis

Gátlisti skoðunar

Dagssetning skoðunar, nafn skoðunarmanns, hvað var prófað og á hvaða hátt

Hvað var endurnýjað/lagað

Hvenær næsta skoðun fer fram.

Skrá yfir innri úttektir og niðurstöður þeirra



Þjálfun og hæfni starfsfólks

Túlkun

Ábyrgðarmaður skal vera viðstaddur og fyrir hendi skulu vera skráðar vinnureglur, lýsing á skiptingu ábyrgðar og til hvaða aðgerða grípa skuli, sé aðstæðum ábótavant eða ef vinnubrögð uppfylla ekki settar kröfur.

Ábyrgðarmaður og starfsmenn hans skulu hafa þekkingu, þjálfun og reynslu á þau kerfi sem eru þjónustuð.

Sýna skal fram á þekkingu á þessum atriðum með viðeigandi námskeiði sem Mannvirkjastofnun viðurkennir eða hjá framleiðanda tækjanna sem eru þjónustuð ef þess er óskað af hálfu framleiðenda. Koma þarf fram um hvaða einstakar gerðir tækja námskeiðin eiga við.

Starfsfólk skal hafa hlotið menntun og þjálfun í þeim atriðum sem því eru falin.

Aðferð við skoðun

Viðtöl, sjónskoðun.

Verklagsregla

Fáið afrit af staðfestingum á námskeiðum sem starfsmenn hafa sótt um viðhald þeirra. Koma þarf fram á viðurkenningum framleiðanda hvaða einstakar gerðir tækja námskeiðin eiga við um.

Fáið yfirlit yfir starfsreynslu starfsmanna sem vinna við þjónustu tækjanna.

Sannreynið menntun, hæfni og þekkingu ábyrgðarmanns.

Kannið hvort til staðar eru skrár um menntun og þjálfun þess starfsfólks sem vinnur við þjónustuna.

Fá skal lista yfir þau tæki sem þjónustustöðin hefur viðurkenningu til að sinna viðhaldi og viðgerðum á. Á listanum skal koma fram gildistími viðurkenninga fyrir einstakar gerðir tækja.

Viðmiðunarmörk

Öll atriði skulu vera uppfyllt. Ásættanlegt mat kemur fram á gátlista. Ekki er gefin út viðurkenning ef frávik eru frá ásættanlegu mati. Á viðurkenningarskjali (skoðunarvottorði) kemur fram fyrir hvaða gerðir tækja viðurkenningin gildir.

Mat

1. í lagi
2. þarfnast úrbóta
3. vantar
4. á ekki við

Tilvísanir

www.mvs.is

Leiðbeiningar um gæðastjórnunarkerfi í byggingarreglugerð

Skoðunarhandbók

Skoðunareyðublið

Skoðunarskýrsla